

76. fundur

Fræðslunefnd hélt fund miðvikudaginn 6. september 2006 kl. 17.00 í Ráðhúsinu. Mætt voru Björn Sverrisson, formaður, Ingveldur Eyþórsdóttir, Hrefna Frímansdóttir, Erna Guðmundsdóttir, varafulltrúi, Hafdís Bjarnadóttir, varafulltrúi, Sigrún Þórsteinsdóttir, skólastjóri leikskóla, Gunnar Svanlaugsson, skólastjóri grunnskóla, Elín G. Pálsdóttir fulltrúi kennara í leikskóla, Einar Gunnarsson fulltrúi kennara í grunnskóla.

Formaður setti fund.

1. Skýrslur skólastjóra.

1.1. Sigrún flutti skýrslu um starfið í leikskólanum.

Lagði hún fram yfirlit og skýrði það nánar. Í leikskólanum eru nú 75 börn með 442,5 dvalarstundir og margir sem nýta sér 6-8 tíma vistun. Alls eru 15 börn að byrja í leikskólanum í haust, þar af 12 á yngstu deild og er aðlögun á milli deild lokið. Starfsmenn eru 18 talsins í 14 stöðugildum.

Aðlögun á milli deilda er hafin og að því loknu hefst aðlögun á yngstu deild. Vetrarverkefni eru að hefjast. Mörg börn eru á elstu deildinni og kl. 10.00 eru þau orðin 33. Þróunin hefur verið þannig síðust árin að flest börn byrja fyrr á morgnana og eru fram eftir degi og er það jákvæð þróun en í raun má segja að biðlisti sé um þessar mundir í hádegismat.

Starfsdagur verður 13. nóvember og er það á sama tíma og starfsdagur verður í grunnskólanum. Sá starfsdagur verður væntanlega notaður til tiltektar og flokkunar vegna flutninga ásamt því að starfsfólk mun sækja skyndihjálparnámskeið.

Verið er að vinna í tilboðum fyrir búnað í nýja leikskólann.

Sigrún lagði fram erindi til fræðslunefndar varðandi sumarlokanir í leikskóla og skýrði erindið nánar og ræddi jafnframt um hlutverk leikskóla.

Formaður lagði til að nefndarmenn kynni sér erindið fyrir næsta fund og þá mun það verða tekið formlega fyrir.

Formaður gaf orðið laust um skýrslu skólastjóra.

Fyrirspurn kom fram um samstarf leikskólanna á Snæfellsnesi og svaraði skólastjóri því.

Fyrirspurn kom fram um sumarlokun í leikskóla og lagt til að umræður yrðu teknar upp varðandi hlutverk leikskóla. Formaður tók undir þau orð.

1.2. Gunnar flutti skýrslu um starfið í grunnskólanum.

Bauð nýtt nefndarfólk velmið til starfa og þakkaði fráfarandi fundarmönnum starfið og dreifði yfirliti til fundarmanna.

Skóladagatal.

Skólastjóri fór yfir skóladagatal grunnskólans skólaárið 2006-2007 og greindi frá fyrirhugaðri námsferð starfsmanna grunnskóla og tónlistarskóla í nóvember nk.

Starfsmannamál.

Skólastjóri greindi frá nýjum kennurum innan skólans en ráðningar þeirra hafa áður farið fyrir nefndina.

Aðrir nýir starfsmenn eru Guðmunda Ragnarsdóttir skólaliði, Elín Bergmann Kristinsdóttir kemur úr leyfi og sinnir deildarstjórnun sérkennslu. Þá er Albert Eymundsson að koma að skólastarfinu sem forstöðumaður Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga.

Innra starf skólans.

Skólastjóri greindi stuttlega frá skipulagi námsvera.

Grænfanavinna er hafin og formlega farin af stað á yngsta skólastiginu. Nánar verður greint frá því starfi á næsta fundi.

Breytingar hafa verið gerðar á skipulag upplýsingatæknikennslu undir stjórn Eyþórs Benediktssonar og gerði skólastjóri stuttlega grein fyrir því skipulagi.

Ný valgrein stendur nemendum 9. og 10. bekkjar til boða í vetur og er það sjálfboðaliðastarf í samvinnu við Svæðisskrifstofu fatlaðra og er það starf að fara af stað þessa dagana undir stjórn Ingunnar Jakobsdóttur.

Aðstaða til náttúrufræðikennslu hefur verið bætt í kjölfar framlags fráfarandi 10. bekkjar sl. vor en þau færðu skólanum tæplega 200.000 krónur að gjöf til tækjakaupa.

Starfsmenn skólans hafa sótt skyndihjálparnámskeið á starfsdögum og vetur verður einnig farið af stað með metnaðarfulla umferðarfræðslu innan skólans.

Önnur mál.

Bætt aðstaða á leiksvæðum er komin í vinnslu. Á næstu vikum mun svo rísa hreystivöllur á skólasvæðinu við Borgarbraut.

Formaður spurði út í námsferðina í nóvember og dagskrá ferðarinnar. Skólastjóri gerði stuttlega grein fyrir skipulagi ferðarinnar.

Fram kom ánægja með breytt skipulag hjá 5. bekk.

Fyrirspurn kom fram um dans, tónmennt og fleira sem var á síðasta skólaári og hvernig skipulagið verður í vetur. Skólastjóri svaraði því til að dansinn verði á haustönn og hefst kennsla 14. september á miðönn verður svo tónmenntarnám.

Fyrirspurn kom fram um fjölgun íþróttatíma hjá yngri bekkjum. Skólastjóri svaraði fyrirspurninni.

Fram kom ánægja með nýja valáfangann fyrir 9. og 10. bekk.

Fyrirspurn kom fram um stoðþjónustu sérfræðinga FSS og hve oft talmeinafræðingur kemur yfir vetrartímann. Tíðni heimsókna hefur svolítið farið eftir fjölda beiðna en skólinn hefur ákveðinn kvóta. Rætt um þjónustu FSS við skólastofnanir bæjarins og jafnframt að halda mætti fundi með FSS og þjónustugegum þar sem farið er yfir starfsemina.

Fyrirspurn kom fram um námsverið. Skólastjóri greindi frá skipulagi þess.

2. Sameiginlegt húsnæði grunn- og tónlistarskóla.

Formaður greindi frá því sem er í gangi með húsnæðismál grunn- og tónlistarskóla. Skipurit var lagt fram á síðasta fundi nefndarinnar og búið er að ráða ráðgjafa að verkefninu sem er Anna Kristín Sigurðardóttir.

Um það bil 25 manna vinnuhópur mun vinna að verkefninu og verður skipulag hópavinnunnar svipað og var á íbúðinginu. Unnið er eftir 12 þrepum og er fyrirkomulagið að amerískri fyrirmynd. Á næstunni verður haldinn kynningarfundur verkefnisins, þá koma þrjár vinnufundir og að lokum kynning á niðurstöðum. Meiningin er að niðurstöður verði kynntar í byrjun janúar 2007.

Formaður gaf orðið laust. Ánægja kom fram hjá fundarmönnum með að þessi vinna sé farin í gang. Umræður urðu um málin.

3. Önnur mál voru engin.

Fundargerðin upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18.40.

Íris Huld Sigurbjörnsdóttir, fundarritari (sign.).